

# Vögguvísa verður til



sýning um Elías Mar  
og handrit hans

# Elías Mar

Elías Mar (1924 –2007) var rithöfundur, ljóðskáld og þýðandi og starfaði einnig lengi sem prófarkalesari á Þjóðviljanum. Foreldrar hans voru Elísabet Jónína Benediktsdóttir verkakona og Cæsar Hallbjörnsson Mar kaupmaður. Faðir hans var upphaflega skírður Sesar en eftir að hafa verið lengi sjómaður í millilandasiglingum tók hann sér nafnið Cæsar Mar, þar sem honum þótti Hallbjörnsson óþjált nafn. Cæsar Mar skrifaði nokkrar bækur á efri árum, bæði endurminningar og skáldsögur. Elías Mar var fæddur og uppalinn í Reykjavík, en móðir hans lést úr bráðaberklum þegar hann var á öðru ári. Elías ólst því upp hjá ömmu sinni, Guðrúnu Jónsdóttur sem lést þegar hann var sautján ára en faðir hans borgaði með honum. Cæsar kvæntist aftur og eignaðist tvo syni í sínu seinna hjónabandi, hálfbræður Elíasar. Elías var hætt kominn vegna kíghósta á fyrsta ári. Hann fór ungur að læra á orgel hjá Þórði Sigtryggssyni og þótti efnilegur. Níu eða tíu ára fór hann að sækja Landsbókasafnið en byrjaði ekki skólagöngu sína í Austurbæjarskóla fyrr en tíu ára að aldri.

Elías Mar var afkastamikill sem rithöfundur í upphafi ferils síns. Sína fyrstu skáldsögu, *Eftir örstuttan leik*, gaf hann út árið 1946, aðeins 22 ára að aldri. Premur árum síðar kom frá hans hendi önnur skáldsaga, *Man ég þig löngum*, en þar er talið að fyrst komi fram samkynhneigð hjá sögupersónum í íslenskri skáldsögu. Það er þó fyrst með *Vögguvísu* árið 1950 að Elías slær í gegn.

## Víðlag

Chi-baba, Chi-baba, chiwawa,

Enjalawa cookala goomba.

Chi-baba, Chi-baba, chiwawa,

My bambino go to sleep.

# Vögguvísa

Elías skrifaði *Vögguvísu* 1949, þá 25 ára gamall. *Vögguvísa* hefur þá sérstöðu að vera samtíma-saga um unglunga í Reykjavík eftirstríðsáranna og þar er ekki sú togstreita á milli sveitar og borgar sem var svo algeng í skáldskap þess tíma. Annað sem einkennir *Vögguvísu* er að hún fjallar um rótlausa unglunga og notkun á slangurorðum er áberandi, en Elías rannsakaði tungutak reykvískra unglunga. Sagan hefst á innbroti aðfaranótt fimmtudags og henni lýkur á sunnudagskvöldi þegar sögupersónan Bambínó, fjórtán ára borgarborn sem dregur nafn sitt af dægurlagi, liggur fyrir utan Sjálfstæðishúsið á Austurvelli. Sögur Elíasar hafa verið þýddar

á eistnesku, esperanto, færøysku, norsku og þýsku. Handrit *Vögguvísu* var afhent Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni ásamt öðrum handritum og gögnum Elíasar eftir lát hans 2007.



*petr*

Höfundurinn vill láta þess getid, að hann hefur tekið sér algjört  
bessaleyfi að svo miklu leyti sem hann notar málfar dagblaða  
Reykjavíkur, auk nútíma talmáls, í bók þessari, og vill um leið  
nota tækifæri til að þakka fyrir lánið.

